

79

13. maí

SAMÞYKKT**um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga, norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignamörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

80

14. maí

AUGLÝSING**er varðar innheimtu tekju- og eignarskatts árið 1941.**

Eftir afgreiðslu hinna nýju skattalaga hefur ráðuneytið ákveðið að **ekki** skuli innheimtur 12% gjaldauki á tekju- og eignarskatt álagðan á árinu 1941, en heimild til að innheimta þenna gjaldauka er í 4. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, og var gefin út um það auglýsing 2. janúar þ. á. að ákveðið hefði verið að nota heimildina.

Jafnframt hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimtur 10% viðauki við eignarskatt, samkv. heimild í 1. gr. laga nr. 74 7. maí 1940, en auglýsing var gefin út um notkun þessarar heimildar 2. janúar þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

81

17. maí

AUGLÝSING**um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.**

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og þær eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, að á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal þeim frá mánudegi til fimmtudags lokað eigi síðar en kl. 6 e. h. Á föstudögum má á þessu tímabili hafa sölubúðirnar opnar til kl. 8 e. h., en loka skal þeim á laugardögum kl. 12 á hádegi.